

Vinnuskóli Bolungarvíkurkaupstaðar 2021

Bolungarvíkurkaupstaður starfrækir vinnuskóla fyrir unglunga fædda 2004 til 2007 (8-10 bekk og 1 bekkur í menntaskóla) frá 7. júní til 9. júlí. Vinnuskólinn er fyrir unglunga með lögheimili í Bolungarvík (eða annað foreldri með lögheimili í Bolungarvík). Boðið er uppá vinnu sem hér segir:

Unglingar í 8 bekk – 4 tímar á dag í 4 vikur

Unglingar í 9 bekk – 4 tímar á dag í 5 vikur

Unglingar í 10 bekk – 6 tímar á dag í 5 vikur

Unglingar í 1 bekk – 6 tímar á dag í 5 vikur

Unnið verður frá kl. 8 alla virka daga, unglingar í 8 og 9 bekk hætta kl. 12 en unglingar í 10 og 1 bekk hætta kl. 14. Kaffitímar eru kl. 10 í 15 mínútur og matartími kl. 12 í 30 mínútur. Ætlast er til að unglingarnir komi með nesti í kaffi og matartíma.

Vinnuskólinn fær úthlutað verkefnum frá áhaldahúsi Bolungarvíkurkaupstaðar. Vinnuskólinn getur einnig tekið að sér önnur verkefni í bæjarfélaginu eftir sérstöku samkomulagi þar um.

Unglingum í vinnuskólanum er gert að vinna samviskusamlega þau verk sem þeim eru falin og sýna kurteisi í samskiptum við stjórnendur skólans, vinnufélaga og bæjarbúa. Klæðnaður þarf að vera í samræmi við veður og vinnuáðstæður. Reykingar eru ekki leyfðar. Farsímar eru ekki leyfðir. Fari unglingur ekki að tilmælum leiðbeinanda eða sætti sig ekki við þær starfs- og umgengisreglur sem gilda í Vinnuskólanum verður honum gefið tækifæri til að bæta sig. Beri það ekki árangur er hann sendur heim launalaus.

Umsóknnum um vinnuskólann þarf að skila fyrir 25 maí á bæjarskrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar.

Umsókn um starf í vinnuskólanum sumarið 2021:

Nafn _____ kennitala _____

Lögheimili _____ Sími _____

Banki _____ Höfuðbók _____ Reiknisnúmer _____

Staðfesting foreldris / forráðamanns _____

Merkið við þær vikur sem þið viljið vinna:

- | | |
|--------------------------------------|--------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> 7.-11. júní | <input type="checkbox"/> 14-18. júní |
| <input type="checkbox"/> 21-25. júní | <input type="checkbox"/> 28-2. júlí |
| | <input type="checkbox"/> 5-9. júlí |